

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar, skal innheimta grunngjald skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa þróunardeild sem veitir lán og styrki.

2. gr.

Hlutverk þróunardeildar er að efla rannsóknir, þróun og nýjungar á sviði veiða, vinnslu og sölumála. Við lán og styrkveitingu skal einkum leitast við að efla hagnýtar rannsóknir og markaðsstarf og skulu verkefni sem að hluta til eru fjármögnuð af öðrum að jafnaði hafa forgang.

3. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður árlega framlag sjóðsins til deildarinnar og skal það að hámarki nema jafngildi 1% eigin fjár Fiskveiðasjóðs Íslands.

4. gr.

Fjárhæð styrkveitinga skal við það miðuð að rekstur deildarinnar verði hallalaus.

5. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands er heimilt að taka lán til endurlána úr deildinni.

6. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður kjör útlána deildarinnar.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands metur í hverju tilviki tryggingar fyrir veittum lánnum og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 135, 30. desember 1989 og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.